

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Kaleorid 750 mg forðatöflur

kalíumklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Kaleorid og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Kaleorid
3. Hvernig nota á Kaleorid
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Kaleorid
6. Þakkingar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Kaleorid og við hverju það er notað

Kaleorid er forðatafla og virka efnið losnar smám saman úr töflunni.

Kaleorid inniheldur kalíum sem er lífsnauðsynlegt fyrir efnaskiptin. Kalíumskortur getur komið fram við ákveðna sjúkdóma og við meðferð með ýmsum lyfjum sem auka þvagútskilnað (þ.e. þvagræsilyf). Kaleorid töflur eru notaðar við meðferð á lágu kalíumgildi í blóði. Einnig er hægt að gefa lyfið sem fyrirbyggjandi meðferð þegar þvagræsilyf eru notuð.

Framleiðsluáferð Kaleorid gerir það að verkum að taflan leysist upp smátt og smátt. Kalíum er komið fyrir í mjúkri uppistöðu úr lípíði í töflukjarnanum og þaðan dreifist það smátt og smátt um stærsta hluta þarmanna. Mjúki lípíðhlutinn skilst út með hægðum.

2. Áður en byrjað er að nota Kaleorid

Ekki má nota Kaleorid

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6)).
- ef mikil truflun er á vökva- og saltajafnvægi (blóðsaltajafnvægi), t.d. of mikið kalíummagn í blóði (blóðkalíumhækkun) eða við aðra sjúkdóma sem geta valdið blóðkalíumhækkun
- ef þú ert með alvarlega skerta nýrnastarfsemi.
- ef þú ert með sár eða þrengsli í vélinda og/eða þörmum.
- ef þú ert með Addison's sjúkdóm (starfstruflun í nýrnahettum) en notar ekki lyf við honum.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Verið getur að lækurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð. Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Kaleorid er notað.

Gæta á sérstakrar varúðar við notkun Kaleorid

- ef þú ert með hjarta- eða nýrnasjúkdóm, í þeim tilvikum á að fylgjast reglulega með kalíumgildi í blóði.

- ef þú ert aldraður/öldruð þar sem hætta er á hjarta- og nýrnasjúkdómum.
- ef hætta er á auknu kalíumgildi vegna nýrnabilunar eða nýrnahettubilunar, bráðrar vökvapurrdar eða umfangsmikilla vefjaskemmda (t.d. vegna alvarlegs bruna).
- ef þú notar lyf sem dregur þarmahreyfingum.

Hægðatregða, áverkar, sár, blæðingar og rof í efri og neðri hluta meltingarveggar getur komið fram, einkum ef Kaleorid er tekið inn með of litlum vökva eða ef þarmastarfsemi er skert. Þú skalt gæta ýtrustu varkárni ef þú ert rúmliggjandi eða barnshafandi (sjá kaflann Meðganga).

Þú skalt hætta meðferðinni ef þú finnur fyrir ógleði, færð uppköst eða magaóþægindi.

Börn

Kaleorid á ekki að nota hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára. Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun Kaleorid hjá börnum.

Notkun annarra lyfja samhliða Kaleorid

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Ef Kaleorid töflur eru teknar samhliða eftirfarandi lyfjum sem auka kalíumgildi er aukin hætta á of háu kalíumgildi, þetta eru m.a.: kalíumsparandi vatnslosandi lyf (þvagræsilyf) (spironolacton, eplerenon, triamteren og amilorid), ACE-hemlar (t.d. captopril, enalapril, lisinopril, perindopril, quinapril, ramipril, zofenopril), angiotensin II-hemlar (t.d. azilsartan, candesartan, eprosartan, irbesartan, losartan, tasosartan, telmisartan, valsartan), reninhemlar (t.d. aliskiren), ciclosporin, tacrolimus, trimethoprim og önnur lyf sem innihalda kalíum (t.d. kalíumsölt af penicillíni),

Notkun Kaleorid með mat eða drykk

Töflurnar á að gleypa heilar með miklu vatni, minnst einu glasi fyrir hvern skammt (sjá kafla 3).

Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Lyfið má nota á meðgöngu og við brjóstgjöf ef lækinn telur það nauðsynlegt. Þarmastarfsemi getur verið skert á meðgöngu og þú skalt gæta varúðar við notkun Kaleorid og gæta þess að drekka nægilegt vatn þegar þú tekur töfluna.

Akstur og notkun véla

Kaleorid hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkun véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Kaleorid

Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðing.

Þegar Kaleorid er notað sem fyrirbyggjandi meðferð er ráðlagður skammtur:

Fyrir 750 mg töflur: yfirleitt 1-2 töflur 2-3 sinnum á sólarhring.

Ef þú færð Kaleorid vegna lágs kalíumgildis er skammturinn ákveðinn í samræmi við kalíumgildi þitt. Ráðlagður skammtur fyrir 750 mg töflur er 2 töflur 2-3 sinnum á sólarhring þar til kalíumgildi hefur batnað. Síðan er hæfilegur skammtur 1-2 töflur 2 sinnum á sólarhring.

Töflurnar á að gleypa heilar með minnst einu glasi af vatni. Töflurnar má ekki taka útafliggjandi, og ekki rétt fyrir svefn.

Hvíti leysanlegi kjarni töflunnar skilst út með hægðum.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef stærri skammtur en mælt var fyrir um er tekinn, verður kalíummagn í blóði of mikið, einkum við nýrnasjúkdóm. Hugsanleg einkenni ef kalíummagn í blóði er of hátt eru ringlun, náladofi, vöðvaslappleiki, lömum, lágur blóðþrýstingur, hjartsláttaróregla og í alvarlegum tilvikum hjartastopp.

Ef gleymist að taka Kaleorid

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Greint hefur verið frá eftirfarandi aukaverkunum: aukið kalíumgildi í blóði, rof, blæðing, sármyndun þrengsli eða teppa í meltingarvegi, sár, niðurgangur, uppköst, kviðverkir, ógleði, ýmiskonar útbrot.

Hætta skal meðferðinni ef þú finnur fyrir ógleði, færð uppköst eða magaþægindi.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Kaleorid

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Kaleorid inniheldur:

- Virka innihaldsefnið er kalíumklóríð 750 mg (taflan inniheldur 10 mmól kalíum).
- Önnur innihaldsefni eru:
- Kjarni: etýlsellulósi, glýseról 85%, sterýlalkóhól, magnesíumsterat.
Húð: hýprómellósi, títantvíoxíð (E171), talkúm, glýseról 85%, sakkarínatríum.

Lýsing á útliti Kaleorid og pakkningastærðir

Hvít, sporöskjulaga filmuhúðuð tafla.

Pakkningastærðir: 100 og 250 töflur.

Ekki er víst að báðar pakkingastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Karo Pharma AB
Box 16184
103 24 Stockholm
Svíþjóð

Framleiðandi

Paramedical A/S
Vassingerødvej 3-7
DK-3540 Lyng
Danmörk

allphamed PHARBIL Arzneimittel GmbH
Hildebrandstr. 10-12
37081 Göttingen
Þýskaland

*Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið
Alvogen ehf.
Sími: 522 2900
Netfang: info@alvogen.is*

Þetta lyf hefur markaðsleyfi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins undir eftirfarandi heitum:

Ísland, Finnland, Noregur, Svíþjóð: Kaleorid

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í nóvember 2020.

Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar. www.lyfjastofnun.is